

32. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps
haldinn á Hótel Klaustur klukkan 18:00 *fimmtudaginn 6.12.2019*

Mætt eru: Katrín Gunnarsdóttir formaður, Jóna Björk Jónsdóttir ritari og Rúnar Guðnason.

Dagskrá fundarins.

1. Drög að Lýsing á aðalskipulag

Katrín fer yfir drögin að lýsingu.

Í kafla 3.4. er farið í Náttúruverndaráætlun og svæði taldin upp sem eru á náttúrminjaskrá. Gott væri að skilgreina þá upptalningu betur t.d. hvort þau falli undir A, B eða C hluta náttúruverndaráætlunar.

Þörf er að taka inn í kafla 4.2. Viðfangsefni þau atriði sem fram komu á íbúafundi 16. október s.l.

Fjalla þarf um uppbyggingu og vernd mikilvægra ferðamannastaða.

Bæta ætti við Ferðamálastofu í þær stofnanir sem aðalskipulagið er sent til til umsagnar.

Í kafla 5.2. er fjallað um viðmið og megin spurningar í umhverfismati áætlunarinnar: þar er ekki talað um jarðmyndanir (gervígígar, nútímahraun ofl). Gæti átt heima undir landslagi eða náttúru og menningaminjar.

Ekki er fjallað um lýðheilsu sem er mikilvæg atriði í skipulagsmálum, þörf er að bæta úr því.

2. Önnur mál

Sorpmálin eru í vinnslu en ekki búið að skrifa undir neitt.

Fundið slitið klukkan 19:00

